

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Ég undirritaður eignaðist Víkurbraut 30 í Vík fyrir tæpum aldarfjórðungi ásamt 11 öðrum eigendum sem eru af, eða venslaðir „Fagradalsættinni“, eins og við nefnum gjarnan afkomendur Jakobs langafa sem bjó í Fagradal allan fyrri helming síðust aldar að heita má. Þar bjuggu afi og amma einnig til ársins 1960, er þau fluttu til Víkur að Víkurbraut 30. Faðir minn ólst upp í Fagradal við bústörf að þeirra tíma hætti, hirðingu sauðfjár, slátt langt upp í fjallshlíðar, sléttun túna fram á vetur, fýlatekju, uppskipun úr Skaftfellingi og sjósókn úr Víkurfjöru á árabáti ásamt afa sínum, svo fátt eitt sé nefnt. Bændur í Mýrdal áttu allt sitt undir náttúrunni, og þeir kunnu að sækja til hennar lífsbjörgina með þeirri útsjónarsemi sem þeim var í brjóst borin, og enn er hún aðalsmerki Mýrdælinga. Mér er mjög minnstæð stutt sumardvöl í Fagradal þegar ég var á áttunda ári, og er þakklátur fyrir að hafa kynnst sveitinni sem þá var. Þá lá þjóðvegurinn um Grafargil niður í Vík.

Ég kem mjög oft til Víkur, jafnt að vetri sem sumri, til styttri eða lengri dvalar, oft bara yfir helgi. Ómissandi er gönguferðin eftir götunni hjá kartöflugörðunum fram að sjó og út í urð þar sem fýll, lundi og rita eiga heimkynni sín og aldrei þagnar klišúrinn í bjarginu í sumarkyrrðinni og himinhátt bergið slútir yfir.

Við eigum allt okkar undir þjónustu náttúrunnar. Forfeður okkar vissu þetta og þeir báru virðingu fyrir náttúrunni, ekki síst hafinu sem gaf og tók. Þeir buðu ekki hafinu birginn.

Enn í dag er náttúra Mýrdals gjöful undirstaða atvinnulífs. Hundruð þúsunda ferðamanna sækja Mýrdalinn heim á ári hverju til að njóta sérstæðrar náttúrfegurðar héraðsins, í Dyrhólaey, í Reynisfjöru, í Víkurfjöru og víðar. Þeir leggja á sig langt ferðalag. Þeim er sama um hvort leiðin er 3 km lengri eða skemmri. Þeir vita hvers þeir leita. Fegurstu staðirnir í Mýrdalshreppi eru með þekktustu kennileitum náttúrunnar á heimsvísu, ekki bara þekkt kennileiti íslenskra náttúru.

Fórnum ekki meiri hagsmunum fyrir minni.

Virðingafyllst,

Reykjavík 21. nóvember,

Kjartan Jónsson
Kt: 201152-3489